506. Breytingartillögur

við frv. til laga um Landsbanka Íslands.

1. Frá *Halldóri Stefánssyni* og *Tryggva Þórhallssyni.*

1. Við 30. gr.

Á milli fyrsta og annars málsliðs kemur inn nýr málsliður, svo hljóðandi:

Skal að minsta kosti helmingur verðbrjefaeignarinnar vera í jarðræktarbrjefum, er keypt sjeu nafnverði. Skulu vextir af þeim vera eigi meira en $^1/_2$ % hærri en sparisjóðsvextir eru á hverjum tima.

2. Við 44. gr. i.

Aftan við liðinn bætist:

Þó á Ræktunarsjóður Íslands jafnan tilkall til að fá a. m. k. $^1/_6$ hluta innlánsfjár með sparisjóðskjörum, til umráða við þeim kjörum,

að vextir sjeu alt að $^1/_2$% hærri en sparisjóðsvextir eru á hverjum tíma.

II. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*

Við 64. gr. (áður 63. gr.).

Í stað orðanna »Aðalbankastjóra ..... í bankastjórninni«, komi: Aðalbankastjóra skal ráða, þá er losnað hafa sæti núverandi bankastjóra.